



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2014 – 2015.

Starfsárið var mjög viðburðarríkt hjá stjórn félagsins og kjaramál mjög ofarlega í öllum verkefnum stjórnar. En síðasti aðalfundur fór fram 28. maí 2013 og tók nýkjörin stjórn þá strax til starfa. Haldnir voru sjö stjórnarfundir þetta starfsárið og á mörgu að taka. Stjórn taldi þörf á að kynna félagið og þá þjónustu sem félagið væri að veita fyrir félagsfólk sitt. Það var því sent út dreifibréf til félagsfólks á starfsárinu með upplýsingum um félagið. Eins voru upplýsingar um félagatalið og þörfina á því að vera rétt skráður til að geta talist fullgildur félagi.

Viðhald á orlofshúsum félagsins er nauðsynleg og var farið í að endurnýja sófa og rúm í íbúðina á Akureyri og íbúðin því klár í sumarútleigu. Það var líka farið í viðbætur og er nú kominn heitur pottur og góður pallur í kringum sumarbústaðinn að Hraunbrekku 5 í Húsafelli og var formaður meira og minna allan júnímánuð í Húsafelli að vinna í sumarhúsum félagsins.

Til að auka fjölbreytnina í orlofshúsum félagsins var farið ásamt VerkVest, Öldunni stéttarfélagi og Verkalýðsfélagi Snæfellinga í að stofna með sér hlutafélagið Altomar og er því ætlað að halda utanum og reka væntanlegt sumarhús á Spáni sem félögin hafa festa kaup á. Samstarf í orlofsmálum geta skipt miklu máli fyrir minni félög. Formaður sat aðalfund orlofshúsaeiganda í Hraunborgum á Hrafnistu í Reykjavík, fór á fund ásamt 6 öðrum félögum innan SGS til að ræða möguleika á samstarfi um orlofsmál félagsmanna og fór á kynningu á sumarhúsakerfinu Frímanna ásamt 6 öðrum félögum og var þar líka farið var yfir kostnaðinn ef félögin 7 tækju upp Frímanna.

Formaður var líkt og í fyrra með námskeiðið *Láttu ekki plata þig* í fjórum hópum með flokkstjórum fyrir vinnuskólann í Sandgerði sl. sumar. En það er ekki bara að halda námskeið fyrir aðra heldur er þörf á að formaður og starfsmaður félagsins séu með puttann á púlsinum varðandi ýmis mál sem koma upp í félaginu. Þau sátu fyrirlestra um meðal annars mannsal, framkvæmd á starfsmati hjá starfsmönnum sveitarfélaganna, um útreikninga á ákvæðisvinnu og um útreikninga og framkvæmd á tímamælingum í hóplaunakerfi. Formaður ásamt Erlu og Friðrik fóru á námskeið sem haldið var á hótél Hamri fyrir stjórnir og starfsmenn stéttarféлага. Saman stóðu fimm stéttarfélög að þessu námskeiði.

Kjaramálin hafa verið áberandi á þessu starfsári og hefur formaður hefur setið rúmlega 30 samningafundi um gerð næstu kjarasamninga með samninganefnd Starfsgreinasambandsins þar sem erfiðlega gekk að komast að samkomulagi. Félagsfólk var upplýst og fengið með í umræður með því að halda félagsfund með félagsfólki þar sem kjaramál var aðalræðuefnið. Einnig fór



formaður í heimsóknir á kaffistofu nokkurra vinnustaða til þess að spjalla við félagsfólk og fór með kynningarbæklinga um verkfallsboðun þar sem búist var við langri baráttu.

Það var síðan á samningafundi með Starfsgreinasambandinu og Samtökum Atvinnulífsins þann 29. maí þar sem skrifað undir aðalkjarasamning með svolitlu stolti með árangurinn.

Formaður hélt 4 fundi með hlaðmönnum á Keflavíkurflugvelli um kjaramál þeirra og hvort þeir gætu gengið í félagið. Alls gengu 71 hlaðmaður í félagið í febrúar og óskuðu eftir því að félagið yrði þeirra talsmaður varðandi kjaramál við IGS. Í framhaldi af þessum að gerðum var farið í að gera samkomulag á milli félagsins og Verkalýðs og sjómannafélags Keflavíkur varðandi vinnusvæðið á Keflavíkurflugvelli.

Auk samningafunda þá fer formaður félagsins á marga aðra fundir og meðal annars situr hann í miðstjórn ASÍ og voru alls fjórir fundir á starfsárinu. Formannafundirnir voru þrír og var einn þeirra haldinn á Ísafirði. Formaður sat aðalfund Fiskifélags Íslands sem fulltrúi Starfsgreinasambandsins, fór á fund vinnumarkaðsráðs ASÍ og fór á 41. Þing ASÍ.

Verkalýðs og sjómannafélag Sandgerðis átti 85 ára afmæli þann 29. okt. sl. og var haldið upp á það með því að bjóða uppá kaffi og meðlæti á skrifstofu félagsins. Töluverður hópur af félagsmönnum kom í kaffi og urðu fjörugar umræður um dægurmálin.

Hið venjubundnar kaffisasamsæti var haldið 1. maí með tilheyrandi spjalli í húsi félagsins að Tjarnargötu 8. Miklar umræður voru um stöðuna í samningamálunum og hvernig mætti nálgast lausn á deilunni. Það var margt um manninn eða um 45-50 manns.

Svo það má segja að starfsárið hafi verið mjög annasamt og viðburðaríkt hjá félagsmönnum í félaginu, stjórn og starfsfólkinu.

Sem formaður félagsins vil þakka þessu fólki fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins, þetta samstarf hefur veitt mér mikla gleði í starfi fyrir félagið.

Fyrir hönd stjórnar,
Magnús S Magnússon.
Formaður